

1. BREYTINGAR Á LÖGUM UM LÉTT BIFHJÓL

Mikil aukning hefur verið á notkun lítilla raf- eða vélknúinna bifhjóla hér á landi en þau hafa hingað til verið skilgreind í lögum sem reiðhjól, að því gefnu að hámarkshraði þeirra fari ekki umfram 25 km á klst. Þessum hjólum hefur einvörðungu mátt aka á gangstígum, hjólastígum og gangstéttum, en með breytingu á umferðarlögum sem tóku gildi 27. febrúar á þessu ári hefur m.a. verið gerð breyting á skilgreiningu og reglum um akstur slíkra hjóla.

HLUTI RAFMAGNSHJÓLA TELST NÚ LÉTT BIFHJÓL Í FLOKKI 1

Skilgreiningum á léttu bifhjóli og reiðhjóli er breytt þannig að nú er léttum bifhjólum skipt í tvo flokka, I og II. Í flokki léttara bifhjóla I eru bifhjól sem ná ekki meiri hraða en 25 km á klst hvort sem þau eru raf- eða bensíndrifin og er þá miðað við hámarkshraða sem tilgreindur er af framleiðanda bifhjólsins. Í



Dæmi um hjól sem telst nú vera létt bifhjól í flokki 1

umferðarlögin hefur verið bætt við, í skilgreiningu á léttu bifhjóli, að sé það rafdrifið skuli það ekki vera yfir 4 kW að afli. Sé hjólið með stig- eða sveifarbúnað sem þarf að stíga og er búið rafdrifnum hjálparmótor fellur það ekki undir skilgreiningu léttara bifhjóla í flokki I heldur telst vera reiðhjól og, hér að neðan, sjá má nánari umfjöllun um þær reglur sem nú gilda um slík hjól.

13 ÁRA LÁGMARKSALDUR Á LÉTTU BIFHJÓLI Í FLOKKI 1

Eins og áður segir voru þessi hjól sem nú eru skilgreind sem létt bifhjól í flokki 1 skilgreind sem reiðhjól og því voru engin aldursmörk fyrir stjórnendur slíkra hjóla. Nú er hinsvegar búið að setja skilyrði um lágmarksaldur og miðast hann við 13 ár. Líkt og gildir um reiðhjól er ekki gerð krafa um ökunám og ökuréttindi né heldur sérstakt próf varðandi akstur léttara bifhjóla í flokki I. Hjól í þessum flokki eru hinsvegar undanþegin váttryggingarskyldu en rétt er að hvetja eigendur til að huga vel að tryggingarmálum og leita ráða hjá tryggingarfélögum varðandi ábyrgðatryggingar.

Öfugt við önnur reiðhjól var sérstakt ákvæði sem bannaði að þessum hjólum væri ekið á akbraut og mátti eingöngu aka þeim á gangstígum. Sú nýjung er tekin upp að heimila akstur á léttum bifhjólum í flokki I á akbrautum óháð hámarkshraða á vegi og heimilt er eftir sem áður að vera á gangstétt, hjólastígum og gangstígum. Ef hjólastígur er samhliða gangstétt eða gangstíg er einungis heimilt að aka á hjólastígnum. Ef léttu bifhjóli í flokki I er ekið af gangstétt út á akbraut og hún þveruð skal aka á gönguhraða.

Lítill rafdrifin hjól s.s. Segway-hjólin, rafdrifin hlaupahjól og hjólastóll sem er ekki hannaður til hraðari aksturs en 15 km á klst eru áfram skilgreind sem reiðhjól og mega eftir sem áður ekki vera á akbraut.

SKRÁNINGARSKYLDA LÉTTA BIFHJÓLA Í FLOKKI 1

Nýmæli í umferðarlögum um skráningarskyldu létttra bifhjóla í flokki 1 taka gildi 1. apríl en mun þó ekki koma til framkvæmda fyrr en síðar. Samgöngustofa mun kynna og upplýsa um það hvenær skráningarskylda verður virk en fram að því þarf ekki að skrá létt bifhjól í flokki 1.

Rétt er að taka fram að til að öðlast heimild til aksturs á léttu bifhjóli í flokki II þarf nú sem fyrr að vera með almenn ökuréttindi eða sérstakt skellinöðrupróf. Á því er engin breyting. Í flokki létttra bifhjóla II eru svonefndar skellinöðrur sem yfirleitt eru með 50cc bensínmotorum, en geta einnig verið rafknúin og eru þá með hámarksafl 4 kW. Áfram miðast hámarkshraði þeirra við 45km/klst og rétt er að taka fram að þeim má ekki aka á gangstígum líkt og gildir um létt bifhjól í flokki I.

2. REIÐHJÓL - MEÐ RAFDRIFNUM HJÁLPARMÓTOR

Reiðhjól sem er með stig- eða sveifarbúnað sem þarf að stíga og er búið rafdrifnum hjálparmótor er áfram skilgreint sem reiðhjól, að því gefnu að samfelld hámarksafl sé ekki meira en 0,25 kW og afköstin minnki smám saman og stöðvist alveg þegar hjólið hefur náð hraðanum 25 km á klst., eða fyrr ef hjólreiðamaðurinn hættir að stíga hjólið. Fellur slíkt hjól því ekki undir reglur um létt bifhjól og má þar með vera á akbraut eins og önnur reiðhjól.



Dæmi um rafdrifið reiðhjól

3. BIFHJÓL

Gerðar hafa verið ákveðnar breytingar á umferðarlögum þar sem m.a. er ætlunin að koma í veg fyrir að ekið sé af ásettu ráði á afturhjóli bifhjóls og einnig eru gerðar breytingar á reglum um farþega á bifhjólum (léttum og þungum).

Nú hefur verið gerð sú breyting á að 20 ára og eldri ökumönnum létttra bifhjóla, í báðum flokkum, er heimilt að hafa farþega á hjólunum, enda séu þau til þess ætluð.

FARÞEGAR Á BIFHJÓLUM:

Sé barn, sjö ára eða yngri, farþegi á bifhjólinu þarf það að vera í sérstöku sæti því ætluðu en barn eldra en sjö ára skal ná með fætur niður að fóthvílum bifhjóls. Farþegi má ekki sitja framan við ökumann. Ökumaður og farþegi bifhjóls skulu að

jafnaði hafa báða fætur á fótstigum eða fóthvílum og ökumaður báðar hendur á stýri.

BANNAÐ AÐ PRJÓNA VÍSVITANDI Á BIFHJÓLI

Samkvæmt nýju ákvæði umferðlaga skal ökumaður bifhjóls að jafnaði hafa bæði (öll) hjól bifhjólsins á vegi þegar það er á ferð. Í raun má segja að með þessu sé lagt bann við því að prjóna á bifhjólinu, með öðrum orðum að ekið sé vísitandi einhverja vegalengd á afturhjólinu. Það er þó mat Samgöngustofu að í lögunum sé tekið tillit til þess þegar framhjól lyftist óvart lítillega frá jörðu t.d. þegar ökumaður tekur skarpt af stað. Slíkt getur gerst en stendur þá stutt yfir og er mjög ólíkt því þegar ökumaður lyftir framhjólinu upp og prjónar vísitandi. Slíkt athæfi er mjög hættulegt líkt og mörg alvarleg slys og banaslys vitna um.

4. ENDURMENNTUN ATVINNUBÍLSTJÓRA

Nú hefur það verið fest í umferðarlög að ökumenn stórra ökutækja í C1-, C-, D1-, og D-flokki til farþega- og vöruflutninga í atvinnuskyni skuli gangast undir endurmenntun á fimm ára fresti, sama hvenær þeir hafi aflað sér réttindanna og skulu allir hafa lokið endurmenntun fyrir 10. september 2018. Þá er tilgreint að heimilt sé að ljúka endurmenntun með fjarnámi. Ráðherra mun kveða nánar á um tilhögun endurmenntunar í reglugerð.

5. EKKI SKYLT AÐ VERA MEÐ SKRÁNINGARSKÍRTEINI Í ÖKUTÆKI

Rétt er að vekja athygli á að ekki er lengur skylt að hafa skráningarskírteini í ökutækinu. Þó verður unnt að fá skráningarskírteini og er þá sótt sérstaklega um það hjá Samgöngustofu. Á heimasíðu Samgöngustofu, www.samgongustofa.is er hægt að fletta upp á „[mínu svæði](#)“ öllum nauðsynlegum upplýsingar sem skráningarskírteini hefur að geyma en það á aðeins við um eigin ökutæki.

Það sem tilgreint er hér að framan er ekki tæmandi talning á þeim breytingum sem gerðar voru á umferðarlögum. Til frekari upplýsinga er bent á [Stjórnartíðindi](#) og heimasíðu Samgöngustofu undir [lög og reglur](#).

Nánari upplýsingar veitir:

Einar Magnús Magnússon

Kynningarstjóri Samgöngustofu

Símar 480-6066 / 659-5060